

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 18. maí 2021 til íbúaráðs Háaleitis- og Bústaða vegna skipulagslýsingar fyrir nýtt deiliskipulags göturreits Lág múla, Háaleitisbraut, Kringlumýrarbraut, Suðurlandsbraut staðgreinireitur 1.260.

Góðan dag,

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 28. apríl 2021 og borgarráðs 6. maí 2021 var lögð fram lýsing skipulagsfulltrúa dags 19. apríl 2021 fyrir nýtt deiliskipulag göturreits Lág múla, Háaleitisbraut, Kringlumýrarbraut, Suðurlandsbraut staðgreinireitur 1.260. Sem felst m.a. í að yfirfæra heimildir núverandi lóða innan reitsins og afmarka nýja lóð að Lág múla 2. Skilgreina heimildir á nýju lóðinni fyrir uppbyggingu á umhverfisvænu húsnæði til samræmis við niðurstöðu samkeppni Reinventing Cities C40.

Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 10. júní 2021.

Samþykkt var að leita umsagna um lýsinguna hjá eftirfarandi stofnunum/skrifstofum: Skipulagsstofnun, Hverfisráði Háaleits-Bústaða, Verkefnastofu Borgarlínu, Strætó bs., Vegagerðinni, Veitum ohf., Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafni Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Samgöngustofu/Flugmálastjórn, Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is